

# Skráningarlýsing
# Bankabréf Íslandsbanka hf.

Verðbréfamarkaður Íslandsbanka hf.
Ármúli 13a, 108 Reykjavík

# Efnisyfirlit.

**YFIRLÝSING ÚTGEFANDA** ........ Error! Bookmark not defined.

**YFIRLÝSING VERÐBRÉFAFYRIRTÆKIS, UMSJÓNARAÐILA ÚTBOÐSINS** Error! Bookmark not defined.

**YFIRLÝSING ENDURSKOÐENDA** ........ Error! Bookmark not defined.

**UPPLÝSINGAR VARÐANDI OPINBERA SKRÁNINGU**

**OG UM SKULDABRÉF ÍSLANDSBANKA HF.** ........ Error! Bookmark not defined.

**UPPLÝSINGAR UM ÚTGEFANDA** ........ Error! Bookmark not defined.

DÓMSMÁL ........ **Error! Bookmark not defined.**
FJÁRFESTINGAR ........ **Error! Bookmark not defined.**
HLUTAFÉ ........ **Error! Bookmark not defined.**
TÍU STÆRSTU HLUTHAFAR Í FÉLAGINU ERU ........ **Error! Bookmark not defined.**
EIGNARHLUTIR Í ÖÐRUM FÉLÖGUM Í ÁRSLOK 1994 ........ **Error! Bookmark not defined.**

**FJÁRHAGSLEG STAÐA ÍSLANDSBANKA HF.** ........ Error! Bookmark not defined.

REKSTRARAFKOMA ........ **Error! Bookmark not defined.**
EFNAHAGUR ........ **Error! Bookmark not defined.**

**HORFUR** ........ Error! Bookmark not defined.

**AÐRAR UPPLÝSINGAR** ........ Error! Bookmark not defined.

## Yfirlýsing útgefanda

Íslandsbanki hf. lýsir því hér með yfir að útboðs- og skráningarlýsing þessi er eftir bestu vitund rétt og í fullu samræmi við staðreyndir. Í hana vantar engin mikilvæg atriði sem gætu haft áhrif á mat á fyrirtækinu eða skuldabréfum þess.

Reykjavík 1. ágúst 1995
Íslandsbanki hf.

Valur Valsson, bankastjóri
kt. 110244-4799, Sefgörðum 4, 170 Seltjarnarnesi

## Yfirlýsing verðbréfafyrirtækis, umsjónaraðila útboðsins

Umsjónaraðili útboðsins, Verðbréfamarkaður Íslandsbanka hf., kt. 571186-1959, Ármúla 13a, Reykjavík, í samráði við Íslandsbanka hf., hefur samið útboðs- og skráningarlýsingu þessa sem byggð er á upplýsingum frá félaginu og löggiltum endurskoðendum þess. Ársreikningar síðustu ára hafa verið endurskoðaðir og áritaðir án fyrirvara. Verðbréfamarkaður Íslandsbanka hf., lýsir því yfir að útboðs- og skráningarlýsing þessi er samin eftir bestu vitund og telur Verðbréfamarkaður Íslandsbanka hf., að lýsingin gefi skýra mynd af rekstri og efnahag Íslandsbanka hf.

Reykjavík 1. ágúst 1995
Verðbréfamarkaður Íslandsbanka hf.

Sigurður B. Stefánsson, framkvæmdastjóri
kt. 250247-4949, Brekkugötu 16, Hafnarfirði

## Yfirlýsing endurskoðenda

Við undirritaðir, löggiltir endurskoðendur Íslandsbanka hf, KPMG-Endurskoðun hf., kt. 590975-0449, Vegmúla 3, Reykjavík, höfum endurskoðað og áritað án fyrirvara ársreikninga Íslandsbanka hf., fyrir undangengin þrjú reikningsár. Reikningar félagsins fyrir 1993 og 1994 eru birtir í útboðs- og skráningarlýsingu þessari. Við staðfestum jafnframt að upplýsingar í útboðs- og skráningarlýsingu þessari, sem varða reikningsskil, eru í samræmi við ofangreinda ársreikninga.

Reykjavík 1. ágúst 1995
KPMG-Endurskoðun hf., kt., 590975-0449, Vegmúla 3, Reykjavík.

Ólafur Nilsson, lögg. endurskoðandi,
kt. 040937-4049, Hagaflöt 16, 210 Garðabæ

# Upplýsingar varðandi opinbera skráningu og um skuldabréf Íslandsbanka hf.

| | |
|---|---|
| **Tilgangur** | Megintilgangur með útgáfu skuldabréfa Íslandsbanka hf. er að gera fjárfestum kleift að kaupa skuldabréf með góðri ávöxtun og að afla Íslandsbanka ráðstöfunarfjár til útlána. |
| **Skilmálar** | Engar hömlur eru á endursölu skuldabréfa Íslandsbanka hf. Skuldabréf Íslandsbanka hf. eru verðtryggð með föstum 6,0% vöxtum. Íslandsbanki hf, ábyrgist skilvísa og skaðlausa greiðslu skuldabréfanna. Engin sérstök réttindi fylgja kaupum á skuldabréfum Íslandsbanka hf. |
| **Sölutímabil:** | Gefnir verða út 4 flokkar af skuldabréfum. Frumsölu verður háttað þannig að Verðbréfamarkaður Íslandsbanka hf. kaupir skuldabréf af Íslandsbanka í lokuðu útboði eftir nánara samkomulagi milli þessara aðila hverju sinni. Verðbréfaþingi Íslands verða sendar upplýsingar um fjárhæðir í frumsölu. Sölutímabil hvers flokks takmarkast af gjalddaga hans. Bankastjórn Íslandsbanka hf. hefur heimilað þessa útgáfu. |
| **Eftirmarkaður:** | Óskað verður eftir skráningu á útgefnum skuldabréfaflokkum á Verðbréfaþingi Íslands. |
| **Einingar:** | Gefnar verða út 500 þúsund, 5 og 10 milljón króna einingar. |
| **Verðtrygging:** | Skuldabréfin eru verðtryggð. Miðað er við vísitölu neysluverðs í ágúst 1995. Grunnvísitala skuldabréfanna er 172,8. |
| **Útgáfudagur:** | 1. ágúst 1995 |
| **Vextir:** | Skuldabréfin bera fasta 6% vexti. |
| **Sölugengi:** | Ræðst af markaðsaðstæðum hverju sinni. Sölugengi á hverjum tíma er hægt að nálgast hjá Verðbréfamarkaði Íslandsbanka hf. |
| **Upplýsingar og gögn:** | Skráningarlýsing og önnur gögn um Íslandsbanka hf. liggja frammi hjá Verðbréfamarkaði Íslandsbanka hf. |
| **Greiðslustaður:** | Útibú Íslandsbanka hf. Þar getur kröfuhafi skuldabréfs vitjað greiðslu á gjalddaga gegn framvísun þess. Sé þess óskað, mun bankinn sjá um innheimtu skuldabréfsins og ráðstafa andvirði þess samkvæmt ákvörðun eiganda. Einnig er heimilt að fela öðrum bönkum, sparisjóðum eða öðrum innheimtuaðilum skuldabréfin til innheimtu. Verði greiðslu ekki vitjað á réttum gjalddaga, mun kröfuhafa hvorki verða greiddir vextir, dráttarvextir né verðbætur frá gjalddaga til greiðsludags. |
| **Fyrningarákvæði:** | Skuldabréfakrafa fyrnist á tíu árum frá gjalddaga skv. 4.gr. laga nr. 14 frá 1905. |
| **Verðbréfaþing Íslands:** | Óskað verður eftir skráningu flokkanna á Verðbréfaþingi Íslands. Verðbréfamarkaður Íslandsbanka hf. mun annast milligöngu um skráningu skuldabréfanna á þinginu. |
| **Vanskil og dráttarvextir:** | Greiði útgefandinn ekki á gjalddaga skuldabréfanna og hafi eigandi framvísað skuldabréfi á gjalddaga í útibúum Íslandsbanka, mun útgefandi greiða dráttarvexti frá framvísunardegi til greiðsludags. Dráttarvextir verða samkvæmt ávörðun Seðlabankans. |
| **Skattskylda og stimpilskylda:** | Skattaleg meðferð skuldabréfanna fer að almennum reglum um skattalega meðferð verðbréfa, þ.e. skuldabréfin eru eignarskattskyld og |

vaxtatekjur einstaklinga eru skattfrjálsar skv. núverandi löggjöf. Skuldabréfin eru stimpilfrjáls.

**Ágreiningur:** Rísi mál út af skuldabréfunum má reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, skv. ákvæðum 17. kafla laga nr. 1.91/1991.

Óskað verður eftir skráningu á eftirfarandi flokkum.

| Flokkur | Gjalddagi vaxta | Lokagjalddagi | Fjárhæð flokks | Innköllunar-ákvæði | Álag ef inn-köllun er nýtt. |
|---|---|---|---|---|---|
| ÍSL00/0801 | 01.08.2000 | 01.08.2000 | 1.000.000.000.-kr | Nei | |
| ÍSL05/0801 | | 01.08.2005 | 1.000.000.000.-kr | Já, árlega frá og með 1.08.2000 | Íslandsbanka hf. er heimilt að greiða skulda-bréfin upp miðað við ávöxtunarkröfu 6,00%. |
| ÍSL10/0801 | | 01.08.2010 | 1.000.000.000.-kr | Já, árlega frá og með 1.08.2000 | Íslandsbanka hf. er heimilt að greiða skulda-bréfin upp miðað við ávöxtunarkröfu 6,00%. |
| ÍSL15/0801 | | 01.08.2015 | 1.000.000.000.-kr | Já, árlega frá og með 1.08.2000 | Íslandsbanka hf. er heimilt að greiða skulda-bréfin upp miðað við ávöxtunarkröfu 6,00%. |

95 1B

95 1C

95 1D

## Upplýsingar um útgefanda

Íslandsbanki er viðskiptabanki og starfar samkvæmt lögum um viðskiptabanka nr. 43/1993. Félagið varð til við samruna Verslunarbanka Íslands hf., Alþýðubankans hf. og Iðnaðarbanka Íslands hf. við Útvegsbanka Íslands sem var stofnaður með lögum nr. 7/1987 og hóf rekstur 1. maí 1987. Félagið hóf bankarekstur undir nafninu Íslandsbanki hf. 1. janúar 1990.

Íslandsbanki hf. er móðurfélag í samstæðu þriggja félaga. Hin eru Verðbréfamarkaður Íslandsbanka hf. ( VÍB ), kt. 571186-1959, Ármúla 13a, Reykjavík og Glitnir hf., kt. 511185-0259, Ármúla 7, Reykjavík. Íslandsbanki hf. er eigandi að yfir 99,9% eignarhlut í félögunum og teljast þau dótturfyrirtæki hans. Íslandsbanki hf., kt. 421289-4799, Kikjusandi, Reykjavík, er næststærsti banki á Íslandi.

Sem hlutafélag þarf félagið að fylgja ákvæðum hlutafélagalaga nr. 2/1995 og einnig lögum um viðskiptabanka nr. 43/1993 í rekstri sínum.

Samkvæmt samþykktum félagsins er tilgangur þess að stunda viðskiptabankastarfsemi og starfsemi í eðlilegum tengslum við hana sbr. lög nr. 43/1993.

Á síðasta ári störfuðu að meðaltali 686 starfsmenn hjá bankanum við bankastörf.

## Dómsmál

Íslandsbanki hf. á ekki í neinum málaferlum eða ágreiningi sem gætu haft veruleg áhrif á fjárhagsstöðu bankans.

## Fjárfestingar

Íslandsbanki hf. hefur nýverið gengið frá kaupum á nýju húsnæði undir höfuðstöðvar sínar. Nýja húsnæðið er staðsett við Kirkjusand. Dótturfyrirtæki bankans, Verðbréfamarkaður Íslandsbanka hf. og Glitnir hf., flytja einnig starfsemi sína þangað. Áætlað er að flutningum verði lokið í október á þessu ári.

## Hlutafé

Heildarhlutaféð er allt í einum og sama flokki í samræmi við samþykktir félagsins.
Heildarhlutafé var 31.12.1994 krónur 3.878.670.144.-

## Tíu stærstu hluthafar í félaginu eru

| | |
|---|---|
| Eignarhaldsfélagið Alþýðubankinn hf. | kr. 492.401.867.- |
| Lífeyrissjóður verslunarmanna | kr. 378.654.922.- |
| Fiskveiðasjóður Íslands | kr. 276.000.000.- |
| Burðarás hf. | kr. 223.414.662.- |
| Lífeyrissjóður Dagsbrúnar og Framsóknar | kr. 195.123.065.- |
| Sameinaðir verktakar hf. | kr. 157.182.562.- |
| Landssamband Íslenskra útvegsmanna | kr. 86.431.125.- |
| Sjóvá - Almennar tryggingar hf. | kr. 82.930.160.- |
| Lífeyrissjóður verksmiðjufólks | kr. 62.388.582.- |
| Landsamband Iðnaðarmanna | kr. 58.054.254.- |

## Eignarhlutir í öðrum félögum í árslok 1994

Íslandsbanki hf. á hlutabréf í nokkrum íslenskum hlutafélögum. Hlutabréfaeign Íslandsbanka hf. í árslok 1994 greinist þannig (í þús. kr.)

| | Heimili | Eignarhlutur í % | Nafnverð | Bókfært verð |
|---|---|---|---|---|
| **Dótturfélög** | | | | |
| Verslunarlánasjóður, kt. 440581-0569 | Kringlan 5 | 100,00 | 47.430 | 463.018 |
| Glitnir hf., kt.511185-0259 | Ármúla 7 | 99,97 | 222.465 | 356.293 |
| VÍB hf., kt. 571186-1959 | Ármúla 13a | 99,97 | 59.607 | 171.462 |
| Verðbréfasjóðir VÍB hf., kt. 540489- 5649 | Ármúla 13a | 99,95 | 20.990 | 29.050 |
| Framtaksfélagið hf. kt. 560394-2769 | Ármúla 7 | 80,00 | 20.000 | 20.526 |
| **Hlutdeildarfélög** | | | | |
| Reiknistofa bankanna, kt. 551073-0339 | Kalkofnsvegi 1 | 25,71 | 72.960 | 89.125 |
| Greiðslumiðlun hf., kt. 500683-0589 | Álfabakka 28 | 15,94 | 9.440 | 110.608 |
| Kredikort hf., kt. 440686-1259 | Ármúla 28 | 50,00 | 23.310 | 239.204 |
| Féfang hf., kt. 691286-1429 | Hafnarstræti 7 | 43,33 | 65,973 | 124.359 |
| **Dóttur og hlutdeildarfélög alls** | | | **542.175** | **1.603.645** |
| **Önnur félög** | | | | |
| Snorrabraut 29 hf., kt. 450488-2839 | Snorrabraut 29 | 22,00 | 3.926 | 4.807 |
| Hlutabréfasjóður VÍB hf., kt. 451289-1189 | Ármúla 13a | 2,38 | 11.000 | 12.630 |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Þróunarfélag Íslands hf., kt. 571285-0539 | Suðurlandsbraut 22 | 5,82 | 26.065 | 40.548 |
| Íslensk endurtrygging hf., kt. 660169-0409 | Suðurlandsbraut 6 | 0,95 | 3.198 | 3.261 |
| Hótelið Sigtúni 38 hf., kt. 691289-2499 | Sigtúni 38 | 100,00 | 110.000 | 128.477 |
| Byggingafélagið Klöpp hf., kt. 440991-1229 | Hafnarstræti 107 | 43,58 | 18.520 | 19.851 |
| Önnur félög | | | 1.978 | 2.200 |
| **Eignarhlutur samtals** | | | **716.862** | **1.815.419** |

Íslandsbanki hf. hefur selt hótelið Sigtúni 38

# Fjárhagsleg staða Íslandsbanka hf.

## Rekstrarafkoma

| **Rekstur í m. kr.** | **1993** | **1992** | **1991** | **1990** |
|---|---|---|---|---|
| Vaxtam. eftir framlag í afskriftarreikning útlána | 626 | 1.279 | 1.841 | 2.048 |
| Þóknun og hagnaður (tap) hlutdeildarfélaga | 1.956 | 1.882 | 1.778 | 1.708 |
| Rekstrarkostnaður og skattar | (3.236) | (3.338) | (2.567) | (3.308) |
| **Hagnaður (tap)** | **(654)** | **(177)** | **62** | **448** |

| **Rekstur í m. kr.** | **1995 6 mán.** | **1994** |
|---|---|---|
| Hreinar vaxtatekjur | 1.165 | 2.666 |
| Aðrar rekstrartekjur | 751 | 1.893 |
| Önnur rekstragjöld | (1.514) | (3.033) |
| Framlag í afskriftareikning útlána | (295) | (1.341) |
| Matsverðsbreyting | 5 | 0 |
| Skattar | 0 | 0 |
| **Hagnaður (tap)** | **112** | **185** |

## Efnahagur

| **Efnahagur** | **1995 6 mán** | **1994** | **1993** | **1992** |
|---|---|---|---|---|
| Sjóður, innist., verðbréf og útlán | 52.166 | 54.207 | 55.258 | 51.769 |
| Fastafjármunir og aðrar eignir | 2.782 | 5.699 | 6.058 | 6.775 |
| Afskriftarreikningur útlána | (2.582) | (2.888) | (3.079) | (2.587) |
| Innlán og bankabréf | 39.083 | 41.149 | 42.301 | 39.855 |
| Aðrar skuldir | 8.661 | 11.227 | 11.383 | 13.515 |
| Eigið fé | 4.623 | 4.642 | 4.554 | 5.175 |
| Skuldir og eigið fé samtals | 52.367 | 57.018 | 58.237 | 58.545 |
| | | | | |
| Eiginfjárhlutfall | 10,16% | 10,9% | 10,3% | 10,0% |

# Horfur

Rekstrarskilyrði bankans voru erfið í upphafi ársins og fyrstu mánuðina var hann rekinn með tapi. Eftir því sem liðið hefur á árið hefur reksturinn hins vegar batnað verulega, eins og afkomutölurnar bera með sér.

Það sem einkennir uppgjörið nú er minni vaxtamunur en áður og lægri þjónustutekjur, en á móti kemur að rekstrarkostnaður heldur áfram að lækka, afkoma dóttur- og hlutdeildarfélaga batnar og síðast en ekki síst hefur framlag á afskriftareikning lækkað mikið. Fyrstu 6 mánuði ársins voru 295 millj. kr. lagðar á afskriftareikning og er það nærri helmingi minni upphæð en lagt var á afskriftareikning á hálfu ári í fyrra. Lægri afskriftir hafa því skilað sér beint til viðskiptavinanna í betri kjörum.

Reksturskostnaður heldur áfram að lækka og er hann nú um 2% lægri en á sama tíma í fyrra, þrátt fyrir ýmsan kostnað vegna flutninga höfuðstöðva á Kirkjusand.

Innlán minnkuðu fyrstu mánuðina en eru nú að aukast á nýjan leik. Almenn útlán hafa aukist en gengisbundin lán dregist saman. Í heild hafa útlán farið vaxandi.

## Aðrar upplýsingar

**Bankaráð Íslandsbanka hf.**

Kristján Ragnarsson, formaður L.Í.Ú., formaður, kt. 220638-4649, Seljugerði 17, 108 Reykjavík
Einar Sveinsson, forstjóri Sjóvá-Almennra trygginga hf., kt.030448-2789, Bakkaflöt 10, 210 Garðabæ
Guðmundur H. Garðarsson, stjórnarmaður Lsj.Verslunarm., kt. 171028-5319, Stigahlíð 87, 105 Reykjavík
Haraldur Sumarliðason, formaður Samtaka iðnaðarins, kt. 010737-2719, Depluhólum 9, 111 Reykjavík
Magnús Geirsson, fyrrv. formaður Rafiðnaðars. Íslands, kt. 180931-4069, Viðjugerði 11, 108 Reykjavík
Orri Vigfússon, framkvæmdastjóri, kt. 100742-2339, Grænuhlíð 11, 105 Reykjavík
Örn Friðriksson, formaður Málm-& skipasmíðasamb. Íslands, kt. 300541-4029, Lækjarhvammi 2, 220 Hafnarfirði

**Bankastjóri**

Valur Valsson, kt. 110244 - 4799, Sefgörðum 4, 170 Seltjarnarnesi

**Framkvæmdastjórar**

Ásmundur Stefánsson, kt. 210345-3889, Njörvasundi 38, 104 Reykjavík
Björn Björnsson, kt. 240849-4619, Tjarnarmýri 8, 170 Seltjarnarnesi
Ragnar Önundarson, kt. 140852-3099, Háholti 4, 210 Garðabæ
Tryggvi Pálsson, kt. 280249-3439, Kjartansgötu 8, 105 Reykjavík

**Stjórn Verðbréfamarkaðar Íslandsbanka hf.**

Björn Björnsson, framkv.stjóri Íslandsb., form., kt. 240849-4619, Tjarnarmýri 8, 170 Seltjarnarnesi
Jón Ólafsson, skrifstofustjóri Steypustöðvarinnar, kt. 110448-4579, Rauðagerði 49, 108 Rvk.
Höskuldur Ólafsson, fyrrverandi bankastjóri, kt. 070527-3249, Efstaleiti 12, 103 Rvk.
Guðmundur B. Ólafsson, lögfr. Verslunarm.fél. Rvk, kt. 131162-4139, Efstalandi 22, 108 Rvk.
Haraldur Sumarliðason, byggingameistari, kt. 020737-2719, Depluhólum 9, 111 Rvk.

**Framkvæmdastjóri**

Sigurður B. Stefánsson, kt. 250247-4949, Brekkugötu 16, 220 Hafnarfirði

**Endurskoðandi**

KPMG Endurskoðun hf., kt. 590975-0449, Vegmúla 3, Reykjavík
Ólafur Nilsson, lögg. endurskoðandi, kt. 040937-4049,
Hagaflöt 16, 210 Garðabæ.